



Ár 2011, föstudaginn 22. júlí, er kveðinn upp svohljóðandi úrskurður aganefndar Golfsambands Íslands í málínu nr. 2/2011

**Mótsstjórn Arionbanka mótaröðarinnar
gegn
Hallgrími Júlíussyni**

Þann 29. júní 2011 barst aganefnd kæra frá mótsstjórn þriðja stigamótsins á Arionbanka mótaröðinni, dags. 29. júní 2011, á hendur Hallgrími Júlíussyni, Golfklúbbi Vestmannaeyja (hér eftir nefndur kærði), vegna meints agabrots í mótinu sem fram fór á Leirdalsvelli dagana 18. og 19. júní sl. Í kæru er kærða gefin að sök óíþróttamannsleg framkoma á fyrri keppnisdegi er hann setti bolta í leik á 14. holu vallarins í stað bolta sem ekki fannst við leit. Þess er krafist að kærði verði beittur þeim viðurlögum sem nefndinni er heimilt að beita skv. 12. gr. reglugerðar um aganefnd GSÍ.

Á fundi aganefndar þann 1. júlí sl. var kæran tekin fyrir og afstaða tekin til hugsanlegra formgalla á henni. Að mati nefndarinnar voru engir formgallar á kærunni sem gætu valdið frávísun hennar. Af þeim sökum ákvað aganefnd að taka kæruna til efnislegrar meðferðar og var kærða send kæran ásamt fylgigönum og skorað á hann að halda uppi vörnum í málínu innan sjö daga frá dagsetningu bréfsins, sbr. 8. gr. reglugerðar um aganefnd. Sökum ungs aldurs kærða fór aganefnd fram á það við framkvæmdastjóra GSÍ að kærða yrði skipaður talsmaður, sbr. 9. gr. reglugerðar um aganefnd GSÍ. Greinargerð kærða barst aganefnd þann 15. júlí. Kærði gerir ekki athugasemdir við málavaxtalýsingu í kæru eða fyrliggjandi dómaraskýrslu og hefur viðurkennt brot sitt. Í greinargerð sinni krefst hann þess aðallega að vera ekki beittur viðurlögum vegna brots síns en til vara að hann verði láttinn sæta áminningu.

Aganefnd telur ekki þörf á munnlegum flutningi málsins og verður úrskurður nefndarinnar því reistur á þeim skriflegu gögnum sem nefndinni hafa borist.

I. Málavextir

Málsatvik eru óumdeild en þau voru með þeim hætti að kærði sló upphafshögg sitt á 14. holu vallarins til hægri og töldu meðspilarar hans boltann hafa farið út fyrir vallarmörk. Við leit að boltanum kemur kærði auga á bolta í lúpínnum, sem hann taldi vera sinn eigin. Einn dómar mótsins var vitni að leitinni og kom á vettvang til að biðja kærða um bera kennsl á boltann sem hann benti á. Fyrirfram aðspurður hvort kærði merkti sérstaklega sína bolta sagðist hann gera það. Umræddur bolti var hins vegar ómerktur, að frátalinni merkingu framleiðanda. Í ljósi þess að kærði gat ekki borið kennsl á boltann sinn var úrskurðað á þá leið að hann væri týndur og þurfti kærði að leika varabolta sínum. Um þetta leyti komu báðir meðspilarar kærða að máli við dómara og sögðu kærða hafa látið nýjan bolta falla úr lúffunni sinni á þann stað sem umræddur bolti fannst. Að leik loknum komu allir þrír leikmenn ráshópsins fyrir



mótsstjórn þar sem farið var yfir málsatvik. Á fundinum neitaði kærði sök og var ákveðið að aðhafast ekki frekar í málínu að svo stöddu. Síðar um daginn hafði kærði hins vegar samband við mótsstjórn og viðurkenndi brot sitt. Var honum í kjölfarið veitt frávísun úr mótinu á grundvelli golfreglu 33-7.

II. Forsendur og niðurstaða

Kærði hefur í málínu viðurkennt brot sitt. Hann krefst þess hins vegar að hann verði ekki láttinn sæta viðurlögum og byggir hann kröfu sína á því að refsheimild sé ekki til staðar í málínu þar sem í 1. málslið 12. gr. reglugerðar um aganefnd sé ekki að finna heimild nefndarinnar til að beita kærða viðurlögum heldur einungis kæranda. Tilvísun kærða snýr að augljósri innsláttarvilli sem varð til við samningu reglugerðarinnar en hún var leiðrétt í endanlegri og samþykkti mynd á golfþingi árið 2009. Kærða var, vegna yfirsjónar aganefndar, sent óleiðrétt eintak reglugerðarinnar sem hafði ekki verið skipt út fyrir rétt eintak á heimasíðu golfsambandsins. Á tilvísun kærða því ekki við og er þessari málsástæðu hans hafnað.

Í málínu er óumdeilt að kærði gerði tilraun til þess að koma nýjum bolta í leik þegar hann fann ekki boltann sinn eftir upphafshögg á 14. holu vallarins. Kærði viðurkenndi brot sitt fyrir mótsstjórn og var í kjölfarið veitt frávísun úr mótinu. Í greinargerð sinni til aganefndar hefur kærði viðurkennt að hafa haft rangt við og hefur hann lýst yfir mikilli iðrun vegna háttsemi sinnar.

Að mati aganefndar hefur kærði gerst sekur um alvarlegt agabrot sem fólst í tilraun til þess að hafa rangt við í golfmóti með óheiðarlegum hætti. Golfíþróttin er að mestu leikin án eftirlits dómara og byggist leikurinn því að verulegu leyti á réttsýni kylfingsins. Þann ásetning sem kærði sýndi af sér lítur aganefnd alvarlegum augum enda hvílir jafnframt sú grundvallarskylda á kylfingum að koma ávallt heiðarlega og drengilega fram við keppinauta sína og aðstandendur golfmóta. Með framkomu sinni braut kærði því gegn 1. kafla golfreglna R&A, keppnisskilmálum mótanefndar GSÍ auk 10. gr. móta- og keppendareglna GSÍ og 14. gr. móta- og keppendareglna Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands.

Að öllu framangreindu virtu er það niðurstaða aganefndar að kærði hafi gerst sekur um alvarlegt agabrot. Við ákvörðun viðurlaga telur aganefnd að líta beri til þeirra málsástæðna sem kærði byggir varakröfu sína á í málínu. Kærði er ungur að árum, einungis 16 ára gamall, og hefur ekki áður gerst sekur um agabrot. Kærði viðurkenndi brot sitt fyrir mótsstjórn og hefur hann beðið hlutaðeigandi afsökunar á framkomu sinni. Þá hefur hann jafnframt lýst yfir mikilli iðrun vegna málsins. Af þeim sökum telur aganefnd sanngjarn og eðlilegt að beita heimild í 12. gr. reglugerðar um aganefnd GSÍ og skilyrða áminningu til kærða þannig að hún breytist í 12 mánaða leikbann ef kærði gerist sekur um agabrot, að mati aganefndar, innan 12 mánaða frá dagsetningu þessa úrskurðar.



III. Úrskurður

Kærði er áminntur. Áminningin skal breytast í 12 mánaða leikbann gerist kærði sekur um agabrot innan 12 mánaða frá dagsetningu þessa úrskurðar.

Reykjavík, 22. júlí 2011
f.h. aganefndar

Haukur Örn Birgisson

Haukur Örn Birgisson

Jónatan Ólafsson

Jónatan Ólafsson

Sigurður Geirsson

Sigurður Geirsson